

**Sp.**

**370. Tillaga til þingsályktunar**

[175. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lögð fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa fyrir næsta þing frumvarp um staðgreiðslukerfi opinberra gjalda, er sé í meginefnum í samræmi við tillögur nefndar þeirrar, sem Alþingi kaus samkvæmt þingsályktun frá 18. apríl 1967. Skal þó leitast við að gera skattheimtakerfið það einfalt, að staðgreiðsla opinberra gjalda auki ekki kostnað og fyrirhöfn við álagningu og innheimtu gjaldanna.

**Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.**

Á árinu 1966 var unnið á vegum fjármálaráðuneytisins að rækilegri athugun á staðgreiðslukerfi opinberra gjalda, sem tekið hefur verið upp í mörgum löndum, þótt með nokkuð mismunandi hætti sé. Var lögð fyrir Alþingi skýrsla um málið, svo að alþingismönnum gæfist kostur á að kynna sér ýmis helztu atriði kerfisins og gætu tekið afstöðu til þess, hvort þeir teldu þessa nýskipan skattamála til bóta. Augljóst var, að ef kostir slíks kerfis ættu að geta notið sín, yrði að gera verulegar breytingar á gildandi skattalöggjöf.

Viðbrögð Alþingis urðu þau að kjósa sjö manna millipinganefnd, skv. þingsályktun 18. apríl 1967, „er haldi áfram athugunum á því, hvort hagkvæmt muni að taka upp staðgreiðslukerfi opinberra gjalda. Skal, auk mats á hagsmunum ríkissjóðs og skattgreiðenda almennt, leitað álits sveitarfélaga og helztu samtaka vinnumarkaðarins. Leiði athuganir þessar og viðræður til jákvæðrar niðurstöðu og samkomulags um viðhlítandi kerfi, skal ríkisstjórnin undirbúa nauðsynlega löggjöf í því sambandi“, svo sem segir í þingsályktuninni.

Nefndin hefur síðan unnið að framhaldskönnun málsins og tillögugerð á grundvelli þessarar ályktunar Alþingis, og hefur álit nefndarinnar nýlega verið úthýtt á Alþingi. Nefndin hefur í flestum efnun orðið sammála, og allir nefndarmenn mæla með því að lögleiða staðgreiðslukerfið. Hins vegar er þó nokkur ágreiningur um veigamikil framkvæmdatriði, og varðandi ýmis mikilvæg atriði er bent á fleiri en eina leið til úrlausnar. Að meginstefnu er valin sú leið að gera ekki róttækar breytingar á núverandi sköttum, heldur aðlaga staðgreiðslukerfið svo sem verða má gildandi skattheimtu, nema hvað óhjákvæmilegt er að gera breytingu á álagningu og innheimtu. Loks eru dregnir fram ýmsir kostir og annmarkar, sem komið hafa í ljós við athugun málsins í einstökum atriðum.

Nefndin hefur unnið ágætt starf og skilgreint rækilega margvísleg framkvæmdatriði, þótt enn vanti mikið á, að grundvöllur sé lagður að öllum einstökum atriðum löggjafar um málið. Nefndarálitin gerir hins vegar öllum veigamestu efnisatriðum það glögg skil, að menn ættu að geta myndað sér ákveðnar skoðanir um, hvort þyngri séu á metunum kostir eða ókostir staðgreiðslukerfisins, og þá einnig, hvort velja skuli þá leið að reyna að samræma eftir megni staðgreiðslukerfið núverandi skattheimtakerfi eða stefna að róttækari breytingum á því í því skyni að gera það einfaldara og laga það betur að staðgreiðsluskipulaginu.

Þótt þingsályktunin frá 1967 geri ráð fyrir því, að ríkisstjórnin undirbúi löggjöf um staðgreiðslukerfið, ef nefndin að meginstefnu mæli með því, þá er ljóst, að um verður að ræða svo viðtækar breytingar á ýmsum veigamiklum þáttum gildandi skattkerfis, ef staðgreiðslukerfið á að geta leitt til þeirra umbóta, sem að hefur verið stefnt, að rétt þykir að óska nýrrar viljayfirlýsingar Alþingis, eftir að þingmönnum hefur gefizt kostur á að kynna sér hið greinargóða nefndarálit millipinganeftarinnar.